

Fimmtudaginn 13. október 1988.
 Nr. 62/1988. **Sjúkrastöðin Von hf. og**
Líknarfélagið Von
 gegn
Fönn hf.
Daniel Ólafssyni
Hf. Eimskipafélagi Íslands
Alþýðubankanum hf.
Útvegsbanka Íslands hf.
Íðnaðarbanka Íslands hf.
Kaupfélagi Rangæinga
Póstgíróstofunni
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Guðrúnu Skarphéðinsdóttur
Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni
f.h. Berlingske Tidende A/S
Ríkarði Pálssyni
Brynjólfi Eyvindssyni héraðsdómslögmanni
Ingólfi Friðjónssyni héraðsdómslögmanni
Kristjáni Omari Kristjánssyni
Jóhannesi Jónssyni og
Grétari Haraldssyni

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttar-dómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. febrúar 1988 til þingfestingar 11. apríl 1988. Þeir fengu þá frest til október-mánaðar 1988. Er málið var tekið fyrir 3. október óskuðu þeir eftir fresti til desember. Stefndu andmæltu því að frekari frestur yrði veittur. Stefndu Guðrún Skarphéðinsdóttir og Útvegsbanki Íslands hf. krefjast málskostnaðar.

Áfrýjendur hafa enga skýringu gefið á því af hverju frestur sá sem þeir hafa haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti hefur ekki nýst þeim. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að veita

frekari frest í málinu gegn andmælum stefndu. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjendur til að greiða stefndu, Guðrúnu Skarphéðinsdóttur og Útvegsbanka Íslands hf., óskipt samtals 5.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Sjúkrastöðin Von hf. og Líknarfélagið Von, greiði stefndu, Guðrúnu Skarphéðinsdóttur og Útvegsbanka Íslands hf., óskipt samtals 5.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.